

Nd.

474. Frumvarp til laga

[141. mál]

um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norð-vestur-Atlantshafi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 196 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu varða sektum, 2000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Lagt skal lögald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.